

FERÐAÞJÓNUSTA Á JAÐRINUM: TILURÐ OG MÓTUN FERÐAÞJÓNUSTU Á ÍSLANDI

Ferðaþjónusta á jaðrinum: Tilurð og mótun ferðaþjónustu á Íslandi er þriggja ára rannsóknarverkefni sem er styrkt af Rannsóknasjóði Rannís. Rannsóknamiðstöð ferðamála er jafnframt náinn samstarfsaðili í verkefninu. Rannsóknin tekur til tímabilsins frá 1944 en leggur sérstaka áherslu á tímabilið frá 1987 til dagsins í dag.

Vinna við rannsóknina hófst á vordögum 2008 og er ætlunin að gera hér stuttlega grein fyrir framvindu og afrakstri á öðru ári verkefnisins.

Markmið:

Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt. Í fyrsta lagi er henni ætlað að varpa ljósi á forsendur og þróun ferðaþjónustu á Íslandi. Í öðru lagi er fyrirhugað að lýsa megin straumum í mótun Íslands sem áfangastaðar. Bæði þessi atriði lúta að því að skýra hvernig einkenni ferðaþjónustu á Íslandi hafa komið til og mótast í samspili ólíkra þátta í alþjóðlegu samhengi. Það eru t.a.m. formgerð atvinnugreinarinnar hér á landi og áherslur í ímyndaruppbyggingu. Þrír þættir verða sérstaklega skoðaðir. Það eru: Samgöngur, stefna stjórnvalda í ferðamálum og opinber orðræða og ímynd Íslands. Athygli verður beint að lykilgerendum á hverju þessara sviða og leitast verður við að rekja hvernig samspil á milli þeirra hefur mótað uppbyggingu ferðaþjónustu hérlendis og um leið Ísland sem ferðamannastað.

Framvinda:

Rannsóknin skiptist í þrjá verkþætti. Í byrjun árs 2009 var að mestu lokið við gagnaöflun vegna fyrsta verkþátts sem er *sögulegt yfirlit um forsendur og mótun ferðaþjónustu*. Annar verkþáttur, *Samspil grunnþátta ferðaþjónustunnar og mótun áfangastaðarins Íslands frá 1987*, hófst í byrjun mars. Fyrstu sex mánuði þess tímabils var unnið að viðtalshluta rannsóknarinnar auk þess að gagnagreining hófst. Viðtölin snéru sérstaklega að eftirfarandi þáttum: Þróun ferðaþjónustunnar, vexti menningartengdrar ferðaþjónustu, samstarfi á milli ólíkra aðila ferðaþjónustunnar

(einkageirinn, rannsóknir, hið opinbera), ímynd Íslands og stöðu þess sem ferðamannastaðar.

Seinni hluta árs 2009 var vinna stjórnvalda og Ferðamálastofu við endurskipulagningu á markaðssetningu og ímyndaruppbyggingu landsins þungamiðja auk áhrifa bankahrunsins á ferðaþjónustuna. Áætlað er að vinna við þennan verkþátt taki í allt 18 mánuði og verða tekin viðtöl við fleiri aðila sem koma að málefnum ferðaþjónustunnar fyrri hluta ársins 2010.

Niðurstöður og árangur:

Rannsóknarverkefninu er ætlað að skapa þverfaglegan samstarfsvettvang í rannsóknum á ferðamálum. Ýmis skref hafa verið stigin að því marki á árinu sem er að líða. Þar má sérstaklega nefna samstarf Mannfræðistofnunar HÍ og Rannsóknamiðstöðvar ferðamála um ráðstefnuhald. Stofnanirnar stóðu sameiginlega að fjórum vinnufundum um ferðamál undir fyrirsögninni: *Ferðamál og félagsvísindi: hagnýting í dreifðum byggum* samhliða þjóðfélagsfræðiráðstefnu Háskólans á Akureyri vorið 2009. Stofnanirnar munu einnig vinna sameiginlega að *19th Nordic Symposium in tourism and Hospitality Research* sem haldin verður á Akureyri 22.-25. september 2010 en þetta er alþjóðleg ráðstefna í ferðamálafræðum.

Til afraksturs má einnig telja greinaskrif þar sem niðurstöðum er miðlað. Áhugasömum er bent á eftirfarandi:

- Með Edward Huijbens og Richard Sharpley (Í prentun). Icelandic Tourism: Past Directions – Future Challenges. *Tourism Geographies*.
- Með Edward Huijbens, E. (Í prentun). Tourism in times of crisis: Exploring the discourse of tourism development in Iceland. *Current Issues in Tourism*. [Birting er áætluð fyrri hluta árs 2010 í þemahefti titluðu: Tourism and Economic Recession: Responding to Financial and Economic Crisis.]

- Ferðapjónusta á krepputímum: Orðræða um ferðapjónustu á Íslandi. Í l. Hannibalsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Það er von verkefnisstjóra að verkefnið verði gjöfult fyrir alla samstarfsaðila rannsóknarinnar og efli þar með ört stækkandi svið innlendra rannsókna í ferðamálafræði.

Reykjavík, í desember 2009

Dr. Gunnar Þór Jóhannesson
gtj@hi.is